



SKÝRSLA STJÓRNAR

Landssambands hestamannafélaga

Starfsárið 2014 - 2015

Aðalstjórn:

Formaður:	Lárus Ástmar Hannesson
Varaformaður:	Jóna Dís Bragadóttir
Gjaldkeri:	Ólafur Þórisson
Ritari:	Eyþór Gíslason
Meðstjórnendur:	Andrea Þorvaldsdóttir Haukur Baldvinsson Stella Björg Kristinsdóttir

Varastjórn:

Rúnar Þór Guðbrandsson
S. Rúnar Bragason
Hrönn Kjartansdóttir
Helga B. Helgadóttir
Petra Kristín Kristinsdóttir



Stjórnarfundir

Frá framhalds landsþingi, þar sem núverandi stjórn var kosin, hafa verið haldnir 14 formlegir stjórnarfundir. Fundargerðir stjórnarfundanna er að finna á heimasíðu LH: <http://www.lhhestar.is>. Auk fundanna vorum við með vinnuhelgi í Stykkishólmi þar sem við lögðum drög að starfsárinu.

Almennt starf stjórnar

Í upphafi starfs stjórnarinnar var ákveðið að boða alltaf varamenn stjórnar og taka þeir mjög virkan þátt í störfum okkar. Þetta skref var ákaflega heilladrjúgt enda mikil þekking, reynsla og kraftur sem býr í þeim aðilum sem eru í varastjórn og efla þau okkar starf verulega. Í upphafi settum við saman starfsáætlun sem hefur staðiðst í öllum megin dráttum. Á komandi vikum munum við svo setja saman áætlun fyrir árið 2016. Fulltrúar stjórnar hafa farið víða og heimsótt hestamenn. Þar ber helst að nefna heimsókn í Eyjafjörðinn, á fjórðungsmót á Héraði, Skagafjörð auk þess að hafa heimsótt Harðarfélaga, Sprettsfélaga og verið við 50 ára afmáli Mána í Keflavík.

Við tókum svo þátt í fundarferð félags hrossabænda og Ábyrgðarmanni hrossaræktar og náðum að vera með fulltrúa á 5 af 7 fundum ferðarinnar.

Aukið samstarf

LH, FHB og félag tamningarmanna sóttu um styrk í Þróunarsjóð hestamenskunnar til að kosta úttekt á auknu samstarfi og eða sameiningu félaganna. Til verksins var Kristinn Hugason ráðinn og mun hann skila

skýrslu og tillögum í mars. Það verður svo í höndum samtakanna og félaganna að taka ákvörðun um hvort og hvernig framhaldið verður á þessu máli.

Skrifstofuhald LH

Skrifstofan er opin milli klukkan 10 – 15 alla virka daga. Á skrifstofunni vinna í fullu starfi Hilda Karen Garðarsdóttir og Jóhanna Gunnarsdóttir og einnig starfaði Vera Vilhjálmisdóttir í sumarafleysingum. Ekki hefur verið starfandi framkvæmdarstjóri fyrir LH þetta starfsár.

Mikil breyting var gerð á fyrirkomulagi bókhalds samtakanna. Samið var við Berglindi Ragnarsdóttur um að færa bókhald og setja upp reikninga LH og LM. Gjaldkeri félagsins sér um að greiða alla reikninga en starfsmenn eru með skoðunaraðgang. Þessi breyting var mjög mikilvæg. Gjaldkeri hefur góða yfirsýn yfir fjárstreymið og Berglind, sem þekkir hestamenskuna vel hefur nú þegar komið með góðar tillögur til bóta fyrir LH og reksturinn.

Stjórn LH hefur rætt gildandi fyrirkomulag að reikningar séu einungis samþykktir á landsþingum og þá annað hvert ár og teljum að bóta sé þörf. Við teljum mikilvægt að hægt sé að loka reikningum og birta á hverju ári og munum koma með tillögu þess efnis fyrir næsta landsþing.

Áskell Heiðar Ásgeirsson var ráðinn framkvæmdarstjóri LM. Hann starfar í hlutastarfi fram að áramótum en fer þá í 100% starf. Það virðist virka mjög vel að



framkvæmdarstjórinn býr í mótshéraðinu og þekkir vel til.

Nefndir LH

Eins og fram kemur í þessari skýrslu er unnið fjölbreytt og gott starf í nefndum á vegum LH.

Fundaraðstaða á skrifstofu LH og fundarsalir hjá ÍSÍ eru mikið nýttir undir nefndarfundum og sérstaklega eftir að aðstaða til fundarhalds var bætt til muna hjá ÍSÍ. Fundarsalir eru fleiri og fjölbreyttari og aðgengi að þeim auðveldara.

Stjórnin hefur talsvert notast við fjarfundarbúnað og mun það væntanlega aukast.

Heimasíða

Heimasíða LH hefur verið í stöðugri þróun en þar má alltaf betur gera. Heimasíðan þarf að vera vakandi og miðla upplýsingum til félagsmanna LH eins og best verður á kosið og annara sem áhuga hafa á hestamennsku. Hún þarf að vera full af fróðleik og sögu. Til þess að svo geti orðið þurfa félögin einnig að miðla til hennar upplýsingum um það starf sem þau eru með í gangi á hverjum tíma. Upplýsingar sem settar eru inná síðu LH og varða LM koma líka inná síðu LM og Facebook síðu LM.

HM í Herning

LH sendi öflugt landslið út á HM í Herning 2015. Var allur undirbúningur og skipulag vandaður eins kostur var. Stóð liðið sig vel og vakti það sérstaka athygli og aðdáun hversu landsliðshópurinn stóð vel saman og tókust af vandvirkni á við verkefnið.

Árangur Íslenska liðsins var með eindæmum góður og óskum við landsliðsmönnum og þeim sem komu að vinnunni til hamingju með árangurinn.

Landssamband hestamannafélaga var í fyrsta sinn þátttakandi að rekstri heimsmeistaramóts. Nú liggur fyrir hver rekstrarniðurstaðan er. Því miður var rekstrarniðurstaðan neikvæð um rúma 1 milljón danskar krónur eða 4,4 milljónir íslenskar. Hlutdeild LH í tapinu eru rúma 30 þús. EU eða um 4,4 milljónir ísl. Mjög faglega var staðið að mótinu og kostnaðaráætlanir stóðust í megin dráttum en færri komu á mótið en gert var ráð fyrir.

Það verður hinsvegar að meta það hvort rétt sé að LH sé rekstraraðili að mótum sem þessu og taka áhættu með það litla rekstrarfjármagn sem sambandið hefur til skiptanna ár hvert.

Markaðsetning fyrir þetta mót virtist ekki skila sér í aðsókn á mótið ef miðað er við fyrri mót t.d. í Þýskalandi, Danmörku og Hollandi og er það umhugsunarefni fyrir okkur og FEIF.

Íslandsmótin

Íslandsmótin 2015 voru að þessu sinni haldin af Spretti og voru mótin haldin á sama tíma. Mótin gengu mjög vel og þökkum við mótshöldurum fyrir gott skipulag og aðbúnað.

Íslandsmótin 2016 verða annars vegar hjá Skuggamönnum í Borgarnesi þar sem yngri knaparnir okkar leiða saman hesta sína en



Íslandsmót fullorðinna verður hjá
Sleipnismönnum á Selfossi.

Mjög líklegt er að stjórnin komi með
tillögu fyrir landsþing 2016 með það að
markmiði að skerpa lög varðandi
fyrirkomulag úthlutunar og framkvæmd
mótanna.

Landsmót

Í upphafi starfsárs var samþykkt samhljóða
í stjórn að Skagfirðingar fengju færi á að
kanna með að færa landsmótið 2016 frá
Vindheimamelum og heim að Hólum.

Í framhaldi var skrifað umdir samning um
að landsmótið 2016 verður haldið á Hólum
í Hjaltadal. Nánari kynning á mótinu er í
sér lið í fundardagskránni. Landsmót 2018
verður svo haldið á svæði Fáks í Víðidal.
Samningar við Fák eru á lokastigum.

Stjórnir LM og LH hafa átt mjög gott
samstarf við fulltrúa þeirra félaga sem
halda munu landsmótin og verður svo
vonandi áfram.

Samningurinn við Gullhyl er með þeim
hætti að Gullhýlur er 25% rekstraraðili að
mótinu á móti LM en í samninginum við
Fák er gert ráð fyrir að Fákur sjái um
skipurlagningu og rekstur mótsins gegn
ákveðinni þóknun til LM.

Stjórn hefur auglýst eftir félögum sem hafa
áhuga á að sækja um landsmótin 2020 og
2022. Í upphafi nýs árs verður, í samstarfi
við BÍ tekin ákvörðun um við hvaða félög
verður samnið og á hvaða
rekstrargrundvelli.

Markaðsáttak

LH er í samstarfi við hagsmunaaðila og
atvinnu- og nýsköpunarráðuneyti.
Verkefnið mun standa í fjögur ár og hefur
verð samþykkt af ríkisvaldinu að setja 25
milljónir á ári í fjögur ár til verkefnissins
gegn mótframlagi frá greininni (nánar
síðar á fundinum).

Erlent samstarf

LH er aðili að FEI, FEIF og FITE. Frá 1969
hefur LH verið aðili að FEIF sem eru
alþjóðasamtök Íslandshestafélaga en
innan þess er mikið starf unnið fyrir
Íslandshestamennskuna.

Í FEIF eru í dag 19 þjóðlönd með um 60
þúsund félaga. Fimm fastanefndir starfa í
FEIF; kynbótanefnd, sportnefnd,
útreiðanefnd, æskulýðsnefnd og
menntanefnd. Auk þess er fjöldi annarra
nefnda sem starfa að sérverkefnum. Mikil
starfsemi fer fram í öllum
starfsnefndunum og fer hún vaxandi.
Sportnefndin t.d. yfirfer og undirbýr
keppnisreglur og sér um reglur og
reglugerðir fyrir heimsmeistaramót.
Kynbótanefnd sér um samræmingu á
kynbótareglum milli landa og alþjóða-
kynbótareglurnar FIZO. Æskulýðsnefnd
skipuleggur m.a. Youth CUP og Youth
CAMP mót unglinga. Ísland hefur fulltrúa í
flestum þessara nefnda og funda þær 2 – 3
sinnum á ári auk aðalfundar FEIF sem
haldinn er í byrjun febrúar.

Aðalfundur FEIF fór fram í Danmörku í
febrúar síðastliðinn.



Heimasíða FEIF er www.feif.org og þar er að finna nánari upplýsingar um alla starfsemi samtakanna.

Samstarf Norðurlandanna

Hafinn er undirbúningur á þátttöku á Norðurlandamóti sem haldið verður 4. – 8. í Biri í Noregi. Keppt verður bæði í íþróttakeppnisgreinum og gæðingakeppni.

Landsþing 2016

Fyrir liggur boð frá hestamannafélaginu Snæfelling um að halda landsþing LH 2016 í Stykkishólmi. Stjórn mun taka ákvörðun innan tíðar um hvort þetta rausnarlega boð verður þegið.

Lokaorð

Landssamband hestamannafélaga eru regnhlífarsamtök okkar hestamanna í mjög

víðtækum skilningi. Það er mjög mikilvægt fyrir okkur öll að sambandið vaxi og dafni og ekki séu iðkendur sem ekki eru skráðir í aðildarfélög okkar. Hestamennskan er gefandi áhugamál sem leiðir saman mann og náttúru og unga og gamla. Við í stjórn LH viljum þakka jákvætt og uppbyggjandi samstarf á árinu og væntum þess að enn frekar munum við vinna saman af jákvæðni og krafti á næsta starfsári.

Nú skulum við öll setja okkur það markmið að vinna saman að nýliðun og að gefa fleirum kost á að kynnast hestinum okkar og vera innan um hestafólk.

F.h. stjórnar LH,
Lárus Ástmar Hannesson, formaður